

**Ed.**

**444. Þingsályktun**

um hinn almenna mentaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 3. júlí).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

- I. Að rannsaka, hvort eigi muni hollara að gera hinn almenna mentaskóla aftur að lærðum skóla, með líku sniði og áður var, en greina hann frá gagnfræðaskólunum.
- II. Að rannsaka, hvort eigi mundi rjettara að skifta þeim lærða skóla í deildir síðustu árin, málfræðideild og stærðfræðideild, eða jafnvel fleiri.
- III. Að gera sem fyrst ráðstafanir til þessarar breytingar, svá fremi rannsóknin leiðir til þeirrar niðurstöðu.